



Kjalnesingur

5. tbl. 13. árg.

Fréttabréf Íbúasamtaka Kjalarness

20. júní 2013

Kjalarnesdagar

helgina 29.-30. júní

SKRÚÐGANGA, Markaður,
KAFFIHÚS, *bátsferðir*, barnalundur,
fjór hjólafjör, UMFK leikarnir, **LITA-
KEPPNIN**, hestar, leiktæki frá ÍTR,
kvöldvaka, lifandi tónlist, 
útimessa, GRÆNI TREFILINN,
Málamiðlun á eyjaslóð ofl.



FJÖLSKYLDUGLEÐI OG
GAMAN Á KJALARNESI

Kjalnesingur

Útgefandi: Íbúasamtök Kjalarness
Ábyrgðarmaður: Ásgeir Harðarson
Netfang: kjalnesingur@kjalarnes.is

Kjalnesingur

Við fögnum öllu efni sem berst til okkar og reynum eftir föngum að birta það við fyrstu hentugleika.

Þá eru allar auglýsingar afar vel þegnar einkum ef smávægilegur útgáfustyrkur fylgir með.

Þetta blað er stútfullt af upplýsingum um Kjalarnesdaga sem nú eru framundan. Mikið af efni liggur fyrir sem ekki komst að í þessu blaði. Þar má nefna Grænfánaskólann, dóm í máli Skotreynar gegn Íbúasamtökunum, framkvæmdir við gönguleið, endurnýjun á loftlínu og vatnslögnum, þakki frá 10. bekk til Kjalnesinga vegna fjáraflana, útielldhús leikskólans, sjósundið, aðalfundur ÍK, aðalsafnaðarfundurinn og tvær skoðanakannanir sem gerðar hafa verið á vegum ÍK svo eitthvað sé nefnt.

Undirbúningur fyrir Kjalarnesdaga er í fullum gangi og við værum þakklát ef fólk gæfi sig fram til starfa við þessa hverfishátíð okkar. Alltaf má hafa samband við okkur á netfangið: ik@kjalarnes.is og síma Fólkvangs 662 5566



Kvenfélagið Esja

Sjálfboðaliðar óskast til að aðstoða við kaffihús og frágang á Kjalarnesdögnum.

Vinsamlega hafið samband við Hallveigu í síma 867 2075 eða senda skilaboð á hallveig.gudny.kolsoe@reykjavik.is.

Öll framlög eru vel þegin stutt sem löng.

Vinna vegna Ljósnetsins í Grundahverfi á Kjalarnesi

Fyrr í júní hófu starfsmenn á vegum Mílu og OSI framkvæmdir við lagningu ljósnets í Grundahverfi. Framkvæmdum gæti fylgt eitthvað jarðrask og auk þess verða settir upp tveir götuskápar í hverfinu. Áætlað er að framkvæmdum verði lokið um mánaðarmótin júní – júlí.

Með tilkomu Ljósnetsins fá heimili í Grundahverfi aðgang að háhraðanettengingu og gagnaflutningshraða sem leyfir m.a. Flutning á mörgum háskerpusjónvarpsrásum samtímis, frábæra internettengingu og bestu



Sumarferð 60 ára og eldri

Fimmtudaginn 11. júlí fer hópurinn 60+ í sumarfrí eftir viðburðaríkt starf í vetur.

Farið verður í dagsferð í Dalina, komið við á merkum stöðum eins og Eiríksstöðum, Hvammi, Sælingsdal og Skarðskirkju.

Snæddur verður hádegisverður í Búðardal og farið í dýrindis kaffi í Purranesi. Komið verður til baka á Kjalarnesið um kvöldmatarleytið.

Öllum sem tilheyrja þessum aldri er velkomið að slást í hópinn en bóka þarf sæti hjá Ingibjörgu í síma: 695 1352 eða senda póst á: ik@kjalarnes.is

Brautarholtssókn

MARKAÐSDAGUR Í FÓLKVANGI

laugardaginn 29. júní frá kl 13-17.

Kvenfélagið Esja sér um veitingasölu.

Söluborðið kostar 2.000 kr

Básapantanir hjá Soffíu Sóley í síma 867 2331

Póstlistinn “á döfinni”

Íbúasamtök Kjalarness hafa haldið utan um póstlista sem telur yfir 300 netföng hjá íbúum á Kjalarnesi.

Þessi netfangalisti er nýttur til að koma skilaboðum til íbúa eða vekja athygli á viðburðum á Kjalarnesi. Ef þú hefur ekki fengið póstinn “á döfinni” frá ÍK á síðustu vikum ertu ekki á þessum póstlista.

Með því að senda póst á ik@kjalarnes.is merktur “póstlisti” verður netfang þitt skráð á þennan lista.

Skráðu þig á póstlistann

Vefur okkar Kjalnesinga www.kjalarnes.is sendir sjálfkrafa út raf-póst til þeirra sem skrá sig á póstlistann þegar fréttir eða tilkynningar eru ritaðar á vefinn. Viljum við hvetja alla sem áhuga hafa á umhverfi sínu og samfélagi að skrá sig á póstlistann.

Vinsamlegast sendið okkur póst á kjalnesingur@kjalarnes.is og óskið eftir að verða skráð á póstlistann.

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffíu Sóleyju í síma 662 5566.

Grænt Kjalarnes - heimajarðgerð

Í tengslum við Grænt Kjalarnes bauð Reykjavíkurborg íbúum á Kjalarnesi til kynningar á jarðgerð og jarðgerðartunnum þann 7. maí sl. Á kynningunni var farið yfir grunnatriði heimajarðgerðar, m.a. hvaða hráefni má nýta í jarðgerð og hvernig best er að standa að jarðgerðinni.

Lífræn efni sem til falla í garðinum og eldhúsinu má með einföldum hætti jarðgera og nýta sem jarðvegsbæti og áburðargjafa, m.a. í beð og á grasflatir. Jarðgert lífrænt efni er yfirleitt kallað molta eða safnhaugamold og inniheldur hátt hlutfall næringar- og húmusefna. Þessi efni skapa jákvæð skilyrði í jarðvegi fyrir örverur, sveppi og jarðvegsdýr og stuðla þannig að auknu heilbrigði gróðurs, m.a. getu til að bregðast við sjúkdómum, meindýrum og öðrum áföllum.

Minni sorplosun

Þeir sem jarðgera draga verulega úr magni sorps frá heimilinu en áætlað er að um 30-50% af heimilissorpi sé lífrænt og endurnýtanlegt. Jarðgerð stuðlar að aukinni sjálfbærni, dregur úr sorpmagni og tilheyrandi mengun, m.a. við flutning, urðun eða brennslu sorps.

Jarðgerðartunnur

Nota má ýmsar aðferðir og ílát við jarðgerð en flestum meðalstórum heimilum hentar að nota svokallaða jarðgerðartunnu eða sambærilegt ílát sem rúmar um 100-300 lítra. Jarðgerðartunnur eru yfirleitt með lokuðum botni og opnanlegar að ofan. Flestar tunnur eru útbúnar með hlera á neðri hluta tunnunnar til að auðvelda losun. Kostur þess að nota jarðgerðartunnu er að niðurbrotsferlið tekur mun skemmri tíma en t.d. við notkun á opnum timburkössum. Ástæðan er m.a. sú að meiri hiti myndast í tunnunni en í opnum kassa.

Hráefni og gæði

Gæði moltunnar verða ávallt í samræmi við gæði hráefnisins sem í hana fer og vandvirkni þess sem jarðgerir og því er flokkun á hráefninu mikilvæg. Í jarðgerðartunnuna má nota matarúrgang þ.e. allann venjulegan úrgang sem fellur til við heimilisstörf, Lífrænan úrgang t.d. eldhúsbref, plöntuhluta og afskorin blóm niðursaxaðar trjágreinar, greinakurl eða sag og búfjáraburð. Ekki á að nota efni sem eru skaðleg umhverfinu, mengandi efni, blóðvökva, óniðurbrotanlegan úrgang, sigarettur, spilliefni, plast, gler og mála. Þá eru trjágreinar með þyrnum á ekki æskilegar og heldur ekki gæludýraskítur

Hráefni og blöndun

Til þess að ferli fari af stað þarf að blanda hráefnum í 'réttum' hlutföllum. Segja má að tilfinning fyrir blönduninni sé eina rétta viðmiðunin þótt svo að til séu þumalfingurreglur. Mikilvægt er að massinn sé hæfilega rakur og laus í sér. Skipta má hráefnum í tvo hópa þ.e. grænt efni sem er köfnunarefnisríkt og brúnt efni eða stoðefni sem er kol-efnisríkt. Uppleystur húsdýraáburður virkar sem hvati við alla jarðgerð og inniheldur mikið magn örvera

Hlutverk stoðefna

Stoðefni eru mikilvæg og eru m.a. niðursaxaðar trjágreinar, greinakurl, sag, börkur, hey hálmur og þurrt lauf. Stoðefnin gegna mikilvægu hlutverki við jarðgerð. Þau eru kolefnarík og bæta kolefnis/köfnunarefnishlutfallið (C/N) í massanum. Þau bæta loftstreymið í gegnum massann og þau draga í sig vatn og þurrka þar með massann. Vatnið er samt sem áður til staðar og aðgengilegt

Ferlið í gang

Þegar skilyrði skapast fer vinna örvera í gang í massanum. Við vinnu örveranna myndast mikill hiti í haugnum og strax á öðrum sólarhring getur hitastig verið orðið 50°C. Loftun þarf þá að hefjast því annars klára örverurnar súrefnið og deyja. Við það stöðvast ferlið. Æskilegt er að ná hitastigi upp í 60-65°C og drepa þar með illgresisfræ og sjúkdómsmit. Best er að halda þessu hitastigi í um þrjá sólarhringa. Hitinn fellur nú hægt og rólega, massinn breytir um lit og brotnar niður.

Heimajarðgerð er hægt að stunda á margan hátt og með mismunandi aðferðum

„Heitt“ Heit jarðgerð er það sem kalla mætti hin hefðbundna aðferð. Hiti myndast þegar hlutföll grænu og brúnu efnanna (C/N) er rétt (áður lýst). Garðaúrgangur má fara með í litlu mæli þ.m.t. illgresi (þar sem hiti næst upp). Allar matarleifar er hægt að vinna í heitri jarðgerð (þegar viðkomandi hefur náð tökum á þessu) og þarf að vera í lokuðu íláti

„Volgt“ Með þessu er átt við jarðgerð sem ekki er snúið ört og hitnar því og kólnar á víxl. Gróft efni s.s. trjágreinar eru lagðar á milli og því loftar um efnið sjálfkrafa. Allur garðaúrgangur hentar vel í slíka jarðgerð en illgresi með fræi hentar illa. Eldhúsúrgangur hentar ekki í slíkan haug nema þá „léttiniðurbrotanlegur“ s.s. grænmetisafskurður og kaffikorgur. Jarðgerðin fer fram í opnu íláti, oftast trékassa. Getur einnig verið í múgum á jörðinni.

„Kalt“ Með þessu er átt við jarðgerð sem hitnar sáralítið. Ánamaðkar sjá alfarið um jarðgerðina. Allur eldhúsúrgangur hentar í slíkan haug. Garðaúrgangur má fara með í litlu mæli en ekki illgresi (þar sem engin hiti næst upp). Þarf að vera í lokuðu íláti

Grænt Kjalarnes

Í tengslum við Grænt Kjalarnes ákvað Reykjavíkurborg að bjóða íbúum á Kjalarnesi sérstaka niðurgreiðslu á jarðgerðartunnum. Það er von okkar að sem flestir sjái sér fært að mæta, fræðast um heimajarðgerð og taka þátt í að gera Kjalarnes sjálfbærara og umhverfisvænna samfélagi.

Nánari upplýsingar um verkefnið má nálgast á heimasíðu Íbúasamtaka Kjalarness www.kjalarnes.is og með því að

Munið netfangalista Íbúasamtaka Kjalarness

Garðaúrgangur

Munum að fara með garðaúrgang að áhaldahúsinu kl. 16-19 á mánudögum (og stundum á þriðjudögum) í júní.

Flestir eru meðvitaðir um mikilvægi sjálfbærni og þess að nýta sem best allt sem nýtilegt er. Ekki á þetta síst við um lífræn efni, bæði matarleifar og það sem fellur til í gördum. Eins og fram kom á kynningarfundum um heimajarðgerð í Fólkvangi 7. maí eru margir Kjalnesingar með safnkassa af ýmsum gerðum við hús sín. Þeir sem vilja bætast í þann hóp geta fengið 15 þúsund kr. í styrk frá Reykjavíkurborg vegna kaupa á jarðgerðaríláti.

Hluta þess sem til fellur í gördum t.d. við grasslátt má nýta í sama garði ef grasinu er t.d. dreift í beð. Grasið kæfir þá illgresi og skilar sér síðan aftur í jarðvegin. Ekki vilja allir fara þessa leið og auðvitað er líka töluvert um afklippur og garðaúrgang sem fólk vill losna við. Í júní er hægt að fara



með garðaúrgang að áhaldahúsinu kl. 16-19 á mánudögum (á þriðjudögum ef mánudagurinn er frídagur). Um er að ræða tilraunaverkefni á vegum Reykjavíkurborgar í tengslum við verkefnið Grænt Kjalarnes. Framhald verður á verkefninu ef þörf er á og það reynist vel.

Þeir sem telja þetta verkefni skipta máli og að æskilegt sé að Kjalnesingar geti losað sig við garðaúrgang á þennan hátt ættu að nýta sér þetta tækifæri í júní.

Styrkir hverfisráðs Kjalarness

Á fundi hverfisráðs Kjalarness 23. maí 2013 voru afgreiddar styrkumsóknir til ráðsins. Eftirtalin verkefni hlutu styrki:

1. Leikskólinn Bakkaberg sótti um styrk til að efla sig í umhverfismennt og Grænfánasamkomulaginu ásamt því að vera þátttakandi í Grænu Kjalarnesi. Samþykkt var að veita leikskólanum 75.000 kr í styrk.
2. Ungmennafélag Kjalnesinga (UMFK) sótti um styrk til tækjakaupa vegna íþróttaiðkunar. Samþykkt var að veita ungmennafélaginu 100.000 kr. í styrk.
3. Þróunarfélag Kjalnesinga sótti um styrk til að vinna útilistaverkið „Öndvegissúlur atvinnuuppbyggingar“ sem verði sett upp við Fólkvang sem tákn um nýtt upphaf í atvinnuuppbyggingu í samfélaginu á Kjalarnesi. Samþykkt var að veita Þróunarfélaginu 100.000 kr. til verkefnisins.
4. Umhverfishópur Græns Kjalarness sótti um styrk til verkefnis sem nefnist Tréð mitt. Hugmyndin er að gróðursetja tré fyrir hvert barn sem fæðist á Kjalarnesi í barnalund. Samþykkt var að veita 25.000 kr. til verkefnisins.
5. Íbúasamtök Kjalarness fengu 107.000 kr. til að standa undir kostnaði við fundi og aðra viðburði skv. reglum sem gilda um styrki til íbúasamtaka í borginni. Einnig var samþykkt styrkbeiðni Íbúasamtakanna vegna útgáfu bæklingis um Kjalarnes að upphæð 43.000 kr. Samtals fengu því Íbúasamtök Kjalarness 150 þús. kr.

Suggestions for awards

"The Local Organizing Committee in Kjalarnes calls for suggestions for awards for tidy surroundings around houses or firms in Kjalarnes, both in Grundarhverfi and in the rural part of the area.

Awards are given for:

- The tidiest houseyard in Grundarhverfi
- The tidiest rural residence in Kjalarnes
- The tidiest firm in Kjalarnes

Suggestions should be e-mailed to midgardur@reykjavik.is before June 25 2013.

The award will be given to the winners on the Local Kjalarnes Celebration during the weekend of June 29-30, 2013."

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffíu Sóleyju í síma 662 5566.

Umhverfis- og fegrunar- verðlaun hverfisráðs Kjalarness

Hverfisráð Kjalarness óskar eftir tilnefningum vegna viðurkenninga á snyrtilegri lóð, bæjarstæði og fyrirtæki á Kjalarnesi

Viðurkenningar verða veittar fyrir:

- ⇒ snyrtilegasta garðinn við íbúðarhús í hverfinu
- ⇒ snyrtilegasta bæjarstæðið á Kjalarnesi
- ⇒ snyrtilegasta fyrirtækið á Kjalarnesi

Tilnefningar skulu sendar á netfangið midgardur@reykjavik.is fyrir 25. júní nk.

Umhverfis- og fegrunarverðlaun hverfisráðs Kjalarness verða afhent á Kjalarnesdaginn.



Útvega mold og grús.
Vinnuvélar, krani og vörubílar í ýmsum stærðum til garðvinnu, stíga- og veglagninga o.s.f.v.
Óli Valli 897-7605



Ökumennt

Ökukennsla, Akstursmat, Endurtökupróf



Pétur Þórðarson
Ökukennari
Búagrund 1, Kjalarnesi
s. 892 7480
okunam@okunam.is

www.okunam.is

Ungmennafélag Kjalnesinga 75 ára

Stofnun ungmennafélagshreyfingar á Íslandi er gjarnan rakin til svonefndrar konungsglímu á þjóðhátíð á Þingvöllum 2. ágúst 1907. Meðal gesta var Friðrik VIII konungur Íslands og Danmerkur. Þar glímdi meðal annarra Jóhannes Jósefsson frá Akureyri (Jóhannes á Borg). Hann ásamt fimm öðrum ungum mönnum stofnuðu síðar þann dag Ungmennafélag Íslands. Hreyfing sú átti síðan eftir að vera snar þáttur í sjálfstæðisbaráttu íslenskrar þjóðar í kjölfar þess að heimastjórn fékkst frá Dönum árið 1904. Markmið hreyfingarinnar skyldi vera að „endurvekja reisin þjóðveldistímabilsins, verða aflvaki allra dæða og skóli þjóðlegra mennta, andlegra og veraldlegra. Ungmennafélögin áttu að verða vermireitur hreinnar íslenskrar tungu, og í túni þeirra skyldu dafna hvers konar þjóðlegar íþróttir og dyggðir.“ (Ungmennafélag Íslands, Reykjavík 2007, Vor-menn Íslands, Saga UMFÍ í 100 ár, bls 23) Ungmennafélag Íslands gerði síðar hinn bláhvíta fána að sínum (kallaður Hvítbláinn), fána sem Einar skáld Benediktsson gerði tillögu um árið 1897, að yrði þjóðarfáni Íslands.

Í þessu andrúmslofti nokkrum áratugum síðar var Ungmennafélag Kjalnesinga, UMF-K, stofnað þann 26. maí 1938 og stofnfélagar voru um 30 talsins. Fyrirrennari þess var Málfunda- og ungmennafélagið Stefnir í Kjalarneshreppi, síðar Íþróttafélagið Stefnir, sem starfaði árin 1923 – 1938. Fremstur þar í flokki fór glímu- og frjáls íþróttakappinn Þorgeir Jónsson frá Varmadal. Hann setti meðal annars Íslandsmet í kringlukasti á Leikmóti Stefnis á Kollafjarðareyrum árið 1926. Þorgeir var síðar þekktur hestæræktandi í Gufunesi. Stefnir gaf meðal annars út blað, Kjalnesing, handskrifað í bók, sem gekk síðan manna á milli til aflestrar. Við kynslóðaskipti var félagið Stefnir lagt niður og fjármunir þess gengu til hins nýstofnaða ungmennafélags. Fyrsta verkefni UMF-K var vinna við skólalóð Klébergsskóla, sem vígður var 19. október 1929. Þá lagði félagið einnig til gluggatjöld í skólann. UMF-K gerðist félagi að Ungmennasambandi Kjalarnespings (UMSK), Ungmennasambandi Íslands og Íþróttasambandi Íslands.

Eins og stendur í lögum félagsins, þá er einn tilgangur þess, „að stuðla að þroskandi og bætandi áhrifum á meðlimi sína.“ Í þeim anda voru fjölbreytt verkefni á fundum og samkomum. Lesin voru ljóð og sögur, rætt um framfaramál íslenskra atvinnuvega og fólksflóttu úr sveitum. Fjallað var um tiskuna og varað við að fylgja heimsins nýjungum. Einnig voru meðal annars haldnar kvöldvökur og leiksýningar. Gerð var tilraun til blaðaútgáfu og starfað í ýmsum nefndum, svo sem skemmtinefnd, bindindisnefnd, ritstjórn, garðræktar- og skógræktarnefnd. Samkomur félagsins voru haldnar í „salnum“ í Klébergi og fest voru kaup á „grammófón“ til að nota á dansleikjum. Þær samkomur þóttu þó fara heldur illa saman við skólahald.

Hlutaveltur voru vinsæl fjáröflunarleið sveitarfélagsins á þeim tíma, en árið 1939 lét hreppurinn UMF-K þann einkarétt eftir í það skiptið. Dæmi um vinninga þess tíma voru

lömb og kálfar. Það gekk vel að afla fjárlins og var ákveðið að styrkja kaup á spunavél fyrir hreppinn. Tillögum um kaup á íþróttahöldum var vísað til íþróttanefndar og tillögum um byggingu gufubaðs að sænskri fyrirmynd var vísað til stjórnar, enda var þá skortur í landinu á gjaldeyri og kolum til að kyndingar. Reyndar var skoðað hvort nota mætti mó í stað kola.

Farið var á íþróttamót USÍ á Hvanneyri árið 1943 og stofnuð var nefnd til að kanna byggingu sundlaugar í tengslum við heitar uppsprettur í hreppnum. Í apríl 1944 var rætt um að gera 17. júní sem hátíðlegastan



og það ár tóku íþróttamenn félagsins fyrst þátt í íþróttamóti UMSK (Ungmennasambands Kjalarnespings), sem haldið var á Sólvöllum í Mosfellssveit. Skemmtiferðir voru á dagskrá félagsins, eins og að Tröllafossi, upp á Esju og Hekluferð gosárið 1947 og einnig var farin ferð á Snæfellsnes 1951.



Umf Kjalnesinga tók þátt í fjölmennu héraðsmóti UMSK, sem haldið var í Kjósinni 29. júlí 1945 í góðu veðri. Þar öttu kappi félögin Umf. Afturelding Mosfellsbæ, Umf. Drengur Kjós og Umf. Kjalnesinga. Reglulegar íþróttæfingar voru teknar upp einu sinni í viku. Erfiðlega gekk að halda uppi starfsemi árið 1945, fundir voru þó haldnir reglulega og ýmis framfaramál rædd. Þar bar á góma íþróttavöll, tæki og félagsheimili. Afkoma félagsins taldist góð og fjölgun félaga viðunandi. Kjalnesingar tóku þátt í héraðsmóti UMSK sam haldið var á Hvalfjarðareyri í Kjós 14. ágúst 1949 í mjög óhagstæðu veðri.

Sumarfrístund UMFK

Sumarstarf UMFK fyrir 6 til 12 ára.

Ungmennafélag Kjalnesinga, UMFK sér alfarið um sumarstarf á Kjalarnesi. UMFK tekur við því hlutverki að bjóða upp á gæslu ásamt því að standa fyrir svipaðri dagskrá og boði var síðasta sumar, hefðbundnu sumarstarfi með tilheyrandi skemmtilegheitum. Dagskrá sumarstarfsins verður að venju mjög fjölbreytt. Endanlegur listi yfir fjörið er ekki tilbúinn, en sem dæmi má nefna:

Fjöruferðir, gönguferðir, sund, íþróttir, húsdýragarðurinn, bæjarferðir, óvissuferðir, leikir úti og inni og svo margt, margt annað skemmtilegt.

Sumarstarf UMFK verður með aðsetur og aðstöðu í Kátakoti.

Sumarfrístund er fyrir 6-12 ára, börn fædd 2001-2006. Í ágúst verður í boði fyrir tilvonandi 1. bekk að taka þátt með okkur í sumarfrístund.

Vika 3: 24.-28. júní

FRÍ: 15.-19. júlí

Vika 7: 12.-16. ágúst

Vika 4: 1.-5. júlí

FRÍ: 22.-26. júlí

Vika 8: 19.-21. ágúst (3 dagar)

Vika 5: 8.-12. júlí

FRÍ: 29. júlí - 2. ágúst

Í boði verður gæsla með frístunda/leikja dagskrá sem hér segir. Börn skulu taka með sér sundföt á hverjum degi. Krakkar verða komin í hús alla daga kl. 16:00

8:00-17:00 (mæting milli 8:00-9:00)	Taka með 2x nesti og hádegisnesti/mat
8:00-12:00 (mæting milli 8:00-9:00)	Taka með 1x nesti
13:00-17:00	Taka með 1x nesti

Verð fyrir hverja viku: heilar vikur

Heill dagur

Hálfur dagur

kr. 3.500,-

kr. 2.000,-

vikan 6. - 9. ágúst

kr. 2.800,-

kr. 1.600,-

vikan 19. - 21. ágúst

kr. 2.100,-

kr. 1.200,-



Skráning á sumarnámskeið fer fram á heimasíðunni www.umfk.is undir sumarfrístund, verður skráning og greiðsla að fara fram fyrir hádegi á föstudegi í vikunni fyrir.

Meira samstarf var við önnur félög svo sem Aftureldingu í Mosfellsbæ á árunum upp úr 1950, fundir urðu strjalli og félagsheimilismál tóku æ meiri tíma. Starfið var þó blómlegt, íþróttamót haldin, árleg ferðalög og árshátíðir. Félagið ákvað að æfa leikrit og hlutaðist til um að félög í hreppnum hæfu undirbúning að stofnun félagsheimilis.



Þar kom að 18. mars 1951 var gerð samþykkt um félagsheimilismál og efnt til almenns hreppsfundar. Ákvörðun var loks tekin 1957 að hefjast handa og Félagsheimilið Fólkvangur var tekið í notkun 9. apríl 1967. Miðað var við að þar mætti kenna íþróttir auk félagsstarfsins. Ekki myndaðist þó hentug aðstaða þar til klúbbastarfssemi eða minni samkomur sem hentuðu ungmennafélaginu vel. Tveir keppendur frá Umf Kjalnesinga tóku þátt í héraðs-

móti UMSK, sem haldið var á Leirvogsbökkum í Mosfellsbæ 14. – 15. júní 1952. Þar öttu kappi félögin UmfAfturelding Mosfellsbæ, Umf Drengur Kjós og Umf Breiðablik frá Kópavogshreppi.

Umf Kjalnesinga fór 1953 í skemmtiferð að Kirkjubæjarklaustri og á leiksyningu í Þjóðleikhúsinu og sá um framkvæmd skákþings í Fólkvangi 1985.

Árin 1987-1989 var starfrækt lítil „Félagsmiðstöð“ í Bergvíkurhúsi hreppsins. Þar varð til allgöð aðstaða og kraftur í félagsstarfinu, t.d. „Opíð hús“ fyrir yngri og eldri félaga, spilakvöld voru haldin og dansleikir.

Íþróttamiðstöðin að Klébergi var síðan reist að tilhlutan Kjalarneshrepps árið 1995 með íþróttasal og sundlaug og breytti það miklu fyrir starfsemi skólans og ungmennafélagsins. Meiri áhersla var lögð á íþróttastarfsseminu og með íþróttamiðstöðinni var lagður grunnur að farsælli framtíð félagsins í vaxandi byggðalagi.

Á árunum 2011 og 2012 voru skráðir félagar um 300 talsins, þar af um 100 íþróttaiðkendur, starfsemi nokkuð kraftmikil, við knattspyrnuíðkun, sund og fimleika og frjálsar íþróttir svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur félagið haldið bingó, farið í skemmtiferðir með yngri kynslóðina og haldið veglegar vorhátíðir að loknu vetrarstarfi í íþróttahúsinu.

Þann 26. maí síðastliðinn, á 75 ára afmælisdegi félagsins, var haldin afmælishátíð í Fólkvangi og þangað komu nokkrir af velunnurum félagsins og áttu saman ljúfa stund. Starfsemi Ungmennafélags Kjalnesinga er mikilvæg í samfélaginu á Kjalarnesi, ekkert síður en fyrir 75 árum. Hér með er þökkum komið á framfæri til allra sem lagt hafa hönd á plóg og félaginu, afmælisbarninu, árnað alls hins besta á komandi árum.

Kirkja Örlygs á Esjubergi, helgistund kl. 14 sunnudaginn 30. júní

Sunnudaginn 30. júní nk. kl. 14 minnast Kjalnesingar þess að samkvæmt Landnámu stóð vagga kristinnar trúar á Kjalarnesi þar sem Örlygur Hrappson byggði fyrstu kirkju á Íslandi. Í tilefni þess verður helgistund að Esjubergi í umsjá sr. Gunnars Kristjánssonar prófasts.

Að athöfn lokinni bjóða sögufélagið Steini og sóknarnefnd Brautarholts-sóknar til kirkjukaffis í Fólkvangi þar sem Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson flytur erindi sem hann nefnir „Málamiðlun á Eyjaslóð“ en þar verður komið inn á keltneska menningu.

Málamiðlun á Eyjaslóð

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson skáld og rithöfundur segir frá kynnum sínum af menningu og bókmenntum á Orkneyjum og Hjaltlandseyjum, en sl. haust kom út veglegt tvímála safn þýðinga hans á ljóðum frá Hjaltlandseyjum. Meðal annars fjallar hann um skyldleika íslensku og hjaltlensku, sem töluð er á þessum slóðum, en framan af öldum var norræn tunga töluð á eyjunum.



Í TILEFNI KJALARNESDAGA 28. - 30. júní

Svæðanudd (fótanudd) 40 mín. eða

háls- og höfuðnudd 40 mín.

Mæling á blóðsykri og blóðþrýstingi fylgir.

Opið verður kl. 12:00 -16:00 föstudaginn 28.júní

einnig kl. 10:00 -16:00 laugardaginn 29. júní

Ath.einnig árs tilboð í nudd með Einkaklúbbskortí Arion.

Í boði þér til heilsubótar á kr. 2.000.-

Nuddstofa Guðlaugar

Helgugrund 8.

Sími: 8 6 7 9 9 4 0

Hreinsunarátak á Kjalarnesi

Í dag fimmtudag verður hrundið af stað sérstöku tilraunaverkefni sem er hreinsunarátak á Kjalarnesi. Þetta er samstarfsverkefni hverfisráðsins og íbúasamtakanna við borgina og Sorpu.

Gámar aftur á “Sorpu” planið!

Næstu fjóra daga til 24. júní verða fjórir gámar á gamla Sorpuplaninu.

Þeir eru eingöngu ætlaðir til fyrir íbúa Kjalarness. Fyrirtækjum er ekki heimilt að nýta þá.

Gámarnir eru settir niður á opnu svæði en það er gert í trausti góðrar umgengni um gámana og að flokkunarreglur séu virtar. Það er lykilatriði upp á framhald þessa verkefnis að við tökum höndum saman og sýnum góða umgengi við gámana og flokkum eins og til er ætlast í þá.

Eftirfarandi gámar verða til staðar:

Gámur fyrir járnúrgang, gömul reiðhjól, járngrindur, grill o.þ.h.

Gámur fyrir timburúrgang, ekki málað eða plasthúðað

Gámur fyrir gömul heimilistæki og dekk sem má fara saman í gám.

Gámur fyrir blandaðan úrgang.

Um flokkun gilda flokkunarreglur Sorpu.

Gámarnir koma fimmtudaginn 20. júní og verða til mánudagsins 24. júní.

Gras -

Trjágreinar -

Jarðvegur

Garðaúrgangurinn skal flokkaður í gras, trjágreinar og jarðveg. Ekki er tekið á móti öðrum úrgangsflokkum og ekkert rusl má vera í garðaúrganginum.

Munið móttöku á garðaúrgangi í áhaldahúsinu á Kjalarnesi milli kl. 16 og 19 á mánudögum út júní.



Litakerfi á Kjalarnesdögum

Í tilefni Kjalarnesdaga hvetjum við íbúa til að skreyta hús sín og garða, bæjarmerki og fl. í ákveðnum litum. Einnig að fólk merki sig með t.d. hárbandi/buffi, fötum eða öðru.

Litakerfið hefur verið þaulskipulagt.

Esjugrund nr.5 til 37 og Víkurgrund

Esjugrund nr. 39 til 96 ..

Búagrund og Helgugrund

Jörfagrund

Dreifbýli

Appelsínugult

Rautt

Gult

Fjólublátt

Bleikt

Markaðsdagur í Fólkvangi

Markaður á Kjalarnesdögum

frá kl. 13 - 17.

Söluborð í Fólkvangi á kr. 2.000.-

Allir velkomnir með sínar vörur.

Borð eru bókuð hjá Soffíu Sóleyju með því að senda póst á netfangið

soffiath@simnet.is og tilgreina hverskonar vörur þið verðið með.

Kvenfélegið Esja verður með kaffihús á sama tíma í Fólkvangi.



Renta ehf. ökukennsla

Ökukennsla - Akstursmat - Endurtökupróf - Bíll - Mótorhjól



Eiríkur Hans Sigurðsson, löggiltur ökukennari, sími.: 895 8125
renta@renta.is - www.renta.is

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffíu Sóleyju í síma 662 5566.

Dagskrá Kjalarnesdaga

Laugardagur 29. júní:

Kl 13:00 - 17:00 Kaffihús í Fólkvangi

kl. 13:00 - 17:00 Markaður í Fólkvangi

kl. 13:00 - 13:10 Skrúðganga frá Róló að útistofu

kl. 13:10 - 13:15 Útistofa, barnalundur - gróðursetning.

kl. 13:15 - 13:25 Gengið að Fólkvangi

kl. 13:25 - 13:30 Afhjúpun öndvegissúlna við Fólkvang

kl. 13:30 - 15:00 UMFK leikarnir

kl. 15:00 - 16:30 Björgunarsveitin Kjölur bíður í Bátsferðir

kl. 15:00 - 16:30 Björgunarsveitin Kjölur bíður í Fjórhjólafjör

kl. 15:00 - 16:30 Hestamenn með hesta og teyma undir

kl. 15:00 - 16:30 Leiktæki ÍTR

kl. 16:45 Umhverfisviðurkenning hverfisráðs

kl. 17:15 - 17:45 Græni trefillinn, gróðursetning við Arnarhamar

Kl. 19:30 Kveikt í grillkolum á Róló

Kl. 20:00 Hver og einn kemur með sinn grillmat

Bjössí Greifi og Emil mæta með gítarana

Verðlaunaafhending fyrir UMFK leikanna og

fyrir skreytingar

Sunnudagur 30. júní:

kl. 13:00 - 13:20 Græni trefillinn, Gróðursetning í Esjunni milli
Kerhóla og Söðlagerðis ofan við spildur við
Esjuveg.

kl. 13:20 - 14:00 Gengið frá gróðursetningu að Esjubergi

kl. 14:00 - 15:00 Útiguðspjónusta á Esjubergi nálægt þeim
stað er Örylgskirkja stóð

kl. 15:00 - 16:30 Kirkjukaffi í Fólkvangi

kl. 15:30 Erindi á Kjalarnesdögum. Málamiðlun á
Eyjaslóð, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

kl. 16:30 Kjalarnesdögum 2013 slitið

UMFK – Leikarnir

Nú er komið að hinum árlegu UMFK leikum laugardaginn 29. júní á eftir skrúðgöngunni, fyrir neðan Fólkvang.

Keppt verðu í hinum ýmsu flokkum – allir finna eitthvað sem þeir geta gert

Hvaða litur hoppar lengst?
Hvaða litur getur lyft þyngsta steininum?
Hvaða litur tekur flestar armbeygjur?
Hvaða litur hefur besta jafnvægið?
Og fleiri skemmtilegar þrautir.

Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi!!

Hvernig vinna nágrannarnir saman?

Mætum sem flest og tökum þátt!

Því fleiri því betri möguleikar fyrir þína götu/lit að vinna hinn fræga farandbikar þetta árið!

Í fyrra voru það fjólubláir – hverjir eru það í ár??? – Gulir, rauðir, appelsínugulir, bleikir eða þeir fjólubláu aftur?



Markaðsdagur í Fólkvangi

Kaffihúsa- og markaðsstemming í Fólkvangi laugardaginn 29. júní á Kjalarnesdögum frá kl 13-17.

Söluborðið kostar kr. 2.000, Kvenfélagið Esja sér um veitingasölu.

Básapantanir hjá í Soffíu Sóley í síma 867 2331, soffiath@simnet.is

Gámar aftur á “Sorpu“ planinu!

frá 20. júní til 24. júní

Umhverfisviðurkenningar á Kjalarnesi

Hverfisráð Kjalarness óskar eftir tilnefningum vegna viðurkenninga á snyrtilegri lóð, bæjarstæði og fyrirtæki á Kjalarnesi fyrir 25. júní.

Helgihald í Brautarholtssókn

30. júní, kl. 14:00. Kjalarnesdagur. Útiguðspjónusta að Esjubergi

11. ágúst, kl. 11:00. Guðspjónusta í Brautarholtskirkju



Messur í Reynivallakirkju í Kjós:

4. ágúst, guðspjónusta kl. 14,

Organisti: Páll Helgason,

Gunnar Kristjánsson
sóknarprestur